

# Foreldrahandbók

HAUSTATTÖRNI



## EFNISYFIRLIT

<b>LÖG UM LEIKSKÓLA FRÁ 2008:</b> .....	4
<b>MEGINMARKMIÐ UPPELDIS OG KENNSLU Í LEIKSKÓLA SKULU VERA:</b> .	4
<b>LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM:</b> .....	4
<b>AÐALNÁMSKRÁ – SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLA:</b> .....	5
<b>NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA:</b> .....	5
<b>STARFSFÓLK LEIKSKÓLA:</b> .....	5
<b>YFIRSTJÓRN:</b> .....	5
<b>LEIKSKÓLARÁÐGJÖF:</b> .....	6
<b>SAGA NAUSTATJARNAR:</b> .....	6
<b>HUGMYNDAFRÆÐI NAUSTATJARNAR:</b> .....	7
<b>STEFNA NAUSTATJARNAR:</b> .....	7
<b>JÁKVÆÐUR AGI:</b> .....	8
<b>SÝN NAUSTATJARNAR:</b> .....	9
<b>AÐAL ÁHERSLUÞÆTTIR SKÓLANS:</b> .....	9
<b>UMHVERFISSÁTTMÁLI NAUSTATJARNAR:</b> .....	9
<b>AÐ BYRJA Í LEIKSKÓLA:</b> .....	10
<b>DAGSKIPULAG NAUSTATJARNAR:</b> .....	11
<b>HÁTÍÐIR OG HEFÐIR:</b> .....	13
<b>UPPLÝSINGAR TIL FORELDRA:</b> .....	15
<b>VERKLAGSREGLUR ÞEGAR BÖRN ERU SÓTT Í SKÓLANN:</b> .....	17
<b>ÓHÖPP/SLYS OG TRYGGINGAR:</b> .....	18
<b>VEIKINDI BARNA:</b> .....	18
<b>DVALARTÍMAR - DVALARSAMNINGUR:</b> .....	20
<b>LEIKSKÓLAGJÖLD:</b> .....	21
<b>NIÐURFELLING FÆÐISGJALDA:</b> .....	21
<b>UPPSAGNARFRETTUR:</b> .....	21
<b>SKIPULAGSDAGAR OG NÁMSKEIÐSDAGUR SKÓLANS:</b> .....	22
<b>FORELDRASAMSTARF:</b> .....	22
<b>FORELDRAFÉLAG.</b> .....	23
<b>FORELDRARÁÐ.</b> .....	24

Ágætu foreldrar.

Um leið og við viljum bjóða barnið ykkar og ykkur velkomin á Naustatjörn viljum við veita ykkur upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfi skólans og gott er fyrir ykkur að vita.

Nafn leikskólans: Naustatjörn, Hólmatúni 2  
Opnunartími: 07.45 til 16:15  
Viðtalstími skólastjóra: Eftir samkomulagi  
Sími : 462-3676 (leikskólab.)/ 460-4126 Fífilbrekka /  
460-4127 Sunnuhvoll. Sjá farsímanúmer deilda á  
heimasíðu  
Netfang: [naustatjorn@akureyri.is](mailto:naustatjorn@akureyri.is)  
Veffang: <http://www.naustatjorn.is>  
Skólastjóri : Jónína Hauksdóttir leikskólakennari  
Aðstoðarskólastjóri: Þórlaug Þorleifsdóttir leikskólakennari  
Sérkennslustjóri: Aðalheiður Hreiðarsdóttir leikskólakennari  
  
Matráður: Sigurgeir Ólafsson matreiðslumaður  
Aðst.matráður: Elísabet Þóra Álfisd. og Áslaug Hallbjörnsd.  
Aðstoð í eldhúsi: Svava Vilhjálmsdóttir

Nöfn deilda: Fífilbrekka/ Sunnuhvoll/ Tjarnarhóll/ Huldusteinn/  
Vökuvellir/ Búðargil

Deildarstjórar og aðrir kennarar: Vísað er á heimasíðu skólans. Slóðin er  
<http://www.naustatjorn.is/index.php/starfsfolk/>

**Lög um leikskóla frá 2008:**

“Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi... Í leikskólum skal velferð og hagar barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.“

**Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:**

- „að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.“

**Leiðir að markmiðum:**

Ráðherra setur leikskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni koma fram helstu markmið leikskólastarfs og uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla, sbr. 2. gr. Í aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á gildi leiks í öllu leikskólastarfi. Einnig skal fjallað um markmið fyrir námssvið leikskólans, foreldrasamstarf, þróunarstarf, mat á leikskólastarfi og tengsl leikskóla og grunnskóla. Í aðalnámskrá skal skilgreina hæfnipætti á námssviðum leikskólans í samræmi við aldur og þroska barna.

### **Aðalnámskrá – skólanámskrá leikskóla:**

Í hverjum leikskóla skal gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskrá skal endurskoða reglulega. Hægt að skoða Aðalnámskrá á eftirfarandi slóð:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/malthing-um-adalnamskra-leikskola/adalnamskra-leikskola/>

### **Námssvið leikskóla:**

Námssvið leikskóla eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

### **Starfsfólk leikskóla:**

Skólastjóri er yfirmaður leikskólans og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra í fjarveru hans. Leikskólakennarar með deildarábyrgð stýra starfi á einstökum deildum. Leikskólakennarar og annað starfsfólk vinna að uppeldisstarfi með börnum. Sérkennsluáðilar vinna að sérkennslu með einstökum börnum.

Starfsfólk leikskólans og skóladeildar er bundið þagnarskyldu um öll trúnaðarmál svo og hagi barnanna og foreldra þeirra.

### **Yfirstjórn:**

Skólanefnd fer í umboði bæjarstjórnar Akureyrar með stjórn leikskólamála bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn lætur þau mál til sín taka. Nefndin er kosin af bæjarstjórn. Fræðslustjóri og leikskólafulltrúi sitja fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt.

Einn fulltrúi foreldra, tilnefndur á sameiginlegum fundi fulltrúa foreldrafélaga frá hverjum leikskóla, og einn fulltrúi starfsmanna leikskóla hafa jafnframt rétt til setu á

fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Skólanefnd mótar stefnu bæjarins í leikskólamállum.

Skóladeild Akureyrarbæjar fer með yfirstjórn leikskóla; fjármál, áætlanagerð, innritun barna, skipulagsmál og ráðgjöf. Yfirmaður skóladeildar er fræðslustjóri, Soffía Vagnsdóttir. Leikskólafulltrúi, Hrafnhildur Sigurðardóttir er næsti yfirmaður leikskólastjóra. Hún sér um faglegt eftirlit varðandi starfsemi leikskóla.

### Leikskólaráðgjöf:

Leikskólaráðgjafi, Sesselja Sigurðardóttir er skólastjórur og kennurum skólanna faglegur ráðgjafi um málefni deildar.

Ráðgjöf vegna einstakra barna fer fram frá fjölskyldudeild Akureyrarbæjar. Leikskólaráðgjafi, Elva Haraldsdóttir starfar á fjölskyldudeild vegna sérkennslubarna og annast faglega ráðgjöf við skólastjóra og kennara skóla. Sálfræðingur starfar við fjölskyldudeild Akureyrarbæjar og gerður hefur verið samningur við talmeinafræðinga á Akureyri um þjónustu við leikskólabörn.

Háskólinn á Akureyri veitir stofnanaráðgjöf til leikskólanna að beiðni skólastjóra.

### Saga Naustatjarnar:

Húsið var byggt frá hausti 2002 til hausts 2003 og það var fyrsta húsið sem var reist í Naustahverfi. Húsið var afhent Akureyrarbæ þann 16. ágúst 2003 og fyrstu börn skólans hófu skólagöngu sína þann 18. ágúst. Fyrstu fimm ár skólans var hann einsetinn með 96 rými og fjórar deildir í skólanum. Frá 18. ágúst 2009 fjölgaði deildunum um eina deild. 7. ágúst 2012 bætist 6. deildin við. Þessar deildir eru staðsettar í húsnæði Naustaskóla. Tvær yngri deildirnar heita Búðargil og Vökuvellir, tvær eldri deildirnar heita Huldusteinn og Tjarnarhóll og elstu deildirnar heita Fífilbrekka og Sunnuhvoll.

Nöfn skóla og deilda eru dregin af örnefnum og staðhátum á svæðinu. Hóll nokkur sem var í grennd við skólann hét **Tjarnarhóll** og dró nafn sitt af **Naustatjörn** sem var rétt utan við hann. Búðarlækur mun hafa komið úr Naustatjörn og runnið niður **Búðargil** (nú Lækjargil). **Huldusteinn** er steinn í landi Hamra og er þar Huldufólksbústaður. Nafnið **Vökuvellir** kemur frá húsi sem stóð rétt sunnan við

Naustatjörn en það var rífið í kringum 1990. Nafn fimmtu og sjöttu deildanna eru **Fífilbrekka** og **Sunnuhvoll**. Nöfn síðustu þriggja deildanna eru dregið af sveitabæjum sem voru í Naustahverfinu.

### **Hugmyndafræði Naustatjarnar:**

Hugmyndafræði Naustatjarnar er byggð á kenningum John Dewey, Lev S. Vygotsky og Howard Gardner.

Hugmyndir þeirra leggja megináherslu á:

- Að börnin fái að kljást við margvísleg verkefni í gegnum leik í samræmi við hugmyndir sínar og að þau læri með því að prófa sig áfram, þ.e. þau læra af eigin reynslu eða eigin virkni og áhuga. (Dewey).
- Það þarf að hafa í huga að verkefni séu ögrandi og reyni á börni þannig að þau efli þroska og vitneskju þeirra auk þess sem þau læra í félagslegum samskiptum við aðra. (Vygotsky).
- Þjóða verður börnum upp á fjölbreytt viðfangsefni til að koma til móts við áhuga, þarfir (greindir) og getu barnanna. (Gardner).

Hlutverk hins fullorðna er að hvetja börnin til að reyna nýja hluti, sjá til þess að umhverfið sé örvasandi, öruggt og vel skipulagt. Einnig á hinn fullorðni að nota opnar spurningar og leiða börnin áfram svo þau komist sjálf að niðurstöðu.

Mikilvægt er að dagurinn sé eins frá degi til dags, það veitir börnunum öryggi að vita hvað er að gerast í kringum þau.

Jafnframt er vísað í heimasíðu skólans þar sem mun ítarlegar er fjallað um hugmyndafræði skólans á slóðinni <http://www.naustatjorn.is>

### **Stefna Naustatjarnar:**

- Að barnið vinni út frá eigin áhuga og reynslu, sé virkt og skapandi í leik sínum og læri með því að prófa sig áfram
- Að barnið takist á við margbreytileg verkefni og þroski með sér góða sjálfsmynd og sjálfsöryggi
- Að barnið læri í gegnum félagsleg samskipti við fullorðna og önnur börn

- Að verkefni séu ögrandi og veiti barninu aukinn þroska og vitneskju
- Í gegnum leikinn er barninu boðið upp á fjölbreytt viðfangsefni sem koma til móts við þarfir þess, áhuga og getu auk þess sem þau stuðla að auknum þroska
- Að barnið kynnist umhverfi sínu, náttúru landsins og læri að bera virðingu fyrir því
- Að góð samvinna ríki á milli heimilis og skóla barnsins

### **Jákvæður agi:**

#### Agastefna Naustatjarnar.

Naustatjörn vinnur samkvæmt agastefnunni Jákvæður agi (Positive discipline). Jákvæður agi er kennsla í félagsfærni og lífsleikni. Agi sem snýr að ungum börnum snýst um hvað þú vilt gera, þú fylgir þeim ákvörðunum með góðvild og festu, í stað þess að búast við að barnið hegði sér vel. Þegar barnið þroskast og eflir getu sínu verður það þátttakandi í því ferli að finna lausnir og setja mörk.

- Meginreglur Jákvæðs aga hjálpa að byggja samband væntumþykju og virðingar og auðvelda að finna lausnir til frambúðar.
- Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum en ekki refsingum.

#### Vörður Jákvæðs aga á leikskólastigi eru eftirfarandi.

Gagnkvæm virðing - Skilningur á orsökum hegðunar - Virk samskipti - Þekking og skilningur á heimi barnsins - Agi sem kennir - Áhersla á lausnir en ekki refsingar – Hvatning - Börnum gengur betur þegar þeim líður vel.

#### Grunnhugtök í Jákvæðum aga

- Virðing. Virðing endurspeglast í þeirri kurteisi sem þú sýnir öðru fólki, hvernig þú talar við aðra, hvernig þú talar um það og hvernig þú ferð með eigur annarra. Tal og framkoma sem einkennist af virðingu veitir fólki þá reisn sem því ber.
- Góðvild. Góðvild er að skamma ekki, niðurlægja ekki eða lesa yfir börnunum. Góðvild er að sýna væntumþykju og hlýju í verki.
- Festa. Festa er að meina það sem þú segir og sjá til þess að fyrirfram ákveðnum verkefnum sé lokið. Á þann hátt læra börnin að þú meinar það sem þú segir (um



leið verður þú að vanda hvað þú segir, ef þú getur ekki staðið við það sem þú segir, segðu þá ekkert).

### **Sýn Naustatjarnar:**

Sýn Naustatjarnar er að börn og kennarar noti samfélag sitt, menningu og náttúru til að verða sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar sem virða og lifa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt og hvert annað.

### **Aðal áhersluþættir skólans:**

Fyrri þátturinn er náttúra og umhverfi og seinni þátturinn er samfélag og menning. Náttúra og umhverfi: Börn þurfa að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar og njóta hennar um leið og þau læra að finna til ábyrgðar gangvart henni. Því eiga börn að fá fræðslu um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þessu verður best við komið með ferðum út í náttúruna þar sem barnið gerir sínar eigin athuganir og vinnur úr þeim eftir getu.

Mikil áhersla er lögð á umhverfismennt við skólann og eru markmið skólans í umhverfismennt eftirfarandi:

- að njóta náttúrunnar árið um kring og nýta hana sem leiksvæði og efnivið til uppgötvunar, leikja og skapandi starfs
- að flokka úrgang og pappír til endurvinnslu í stað þess að kaupa nýjan efnivið
- að safna lífrænum úrgangi í þar til gerðar safntunnur
- að nota umhverfisvænar hreinsivörur við ræstingu skólans
- að rækta grænmeti og plöntur í garðinum
- að spara raforku og vatn eins og hægt er

Vegna Grænfánans hefur kennarahópur skólans gert umhverfissáttmála.

### **Umhverfissáttmáli Naustatjarnar:**

- Við þekkjum nánasta umhverfi okkar og göngum um náttúruna af virðingu
- Við endurnýtum það sem hægt er
- Við flokkum þann úrgang sem fer í endurvinnslu
- Við spörum orku

Leiðir sem kennarar og börn fara til að uppfylla sáttmálann.

- Að efla umhverfisvitund nemenda með fræðslu, góðu fordæmi og verkefnum
- Að nýta efni sem til fellur m.a. til sköpunar, rannsókna og tilrauna
- Að flokka lífrænan úrgang til moltugerðar. Pappír, pappi, fernur, gler, málmar, plastumbúðir, kertí og rafhlöður er flokkað og sett í endurvinnslu
- Að gæta þess að slökkt sé á rafmagnstækjum þegar þau eru ekki í notkun. Að slökkva ljósín á svæðum þar sem enginn er og vatn ekki látið renna að óþörfu

Menning og samfélag: Leikskólastarf á hverjum stað mótast af umhverfi sínu, atvinnu-, félags-, og menningarlegu. Skólinn þarf líka að taka tillit til mismunandi fjölskyldugerðar og uppruna barnanna og efla tilfinningu þeirra fyrir því að þau tilheyri samfélaginu og séu hluti af því. Þessu má stuðla að með samskiptum við starfsemi utan skólans og nýtingu umhverfisins til vettvangsferða og leikja.

Unnið er út frá hugmyndum Bronfenbrenner en hann segir að einstaklingar víkki út þekkingu sína og þroska með því að byggja ofan á fyrri reynslu.

Grunnverkefnin í samfélagi og menningu eru:

- Tveggja ára börnin - „Ég og fjölskyldan mín“.
- Þriggja ára börnin - „Heimilið mitt og nánasta umhverfi“
- Fjögurra ára börnin - „Bærinn minn, styttur og merkar byggingar“.
- Fimm ára börnin - „Vinnustaðir foreldra minna, Hlíð og Naustaskóli“

Í öllu starfi með börnum, sama á hvaða aldri þau eru, er mikilvægt að fara eftir áhugasviði þeirra með því að grípa það sem þau segja, gera og sýna áhuga. Fjölbreytni í verkefnum er mikilvæg og til þess að hægt sé að vera með fjölbreytt verkefni og geta gripið áhuga barnanna er mikilvægt að hafa skipulag ekki það fast að hægt sé að vinna út frá áhuga barnanna og tækifærum sem gefast.

### **Að byrja í leikskóla:**

Aðlögun er sá tími sem ný börn kynnast kennurum, öðrum börnum, og húsakynnum skólans. Aðlögun er ekki einungis aðlögun fyrir börnin heldur einnig tími fyrir foreldra og kennara til þess að kynnast og virða fyrir sér uppeldisaðferðir heima og í

skólanum. Með góðum aðlögunartíma aukast tengslin milli foreldra og kennara og þá mun hið sameiginlega uppeldisstarf ganga betur.

Í aðlögun skólans er unnið eftir hugmyndum um þátttökuaðlögun. Foreldrar eru með börnunum inn á deild allan tímann í 2 ½ dag. Það sem felst í starfi þeirra þessa daga er að aðstoða barnið sitt í morgunmat/hádegismat og nónhressingu, klæða það út/inn, skipta á barninu, koma því í svefn og vera til staðar. Þessa daga eru kennarar meira sem áhorfendur en eru að sjálfsgöðu með foreldrum í þessu ferli, bera ábyrgð á öllu dagskipulagi og deila út verkefnum. Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir nýjum aðstæðum til barna sinna. Þegar foreldrar eru fullir þátttakendur frá fyrsta degi aðlögunar öðlast þeir öryggi um skipulag skólans og sjá kennara í verki. Þeir kynnast ekki bara kennurum heldur öðrum börnum og foreldrum.

Foreldrar eru beðnir að sækja börnin snemma fyrstu viku eftir aðlögun til þess að koma í veg fyrir að þau verði óörugg. Foreldrar geta alltaf hringt í skólann til þess að spyrja um börnin sín og eins munu kennarar hringja í foreldra ef þörf krefur.

### **Dagskipulag Naustatjarnar:**

Mikilvægt er að dagurinn sé eins frá degi til dags, það veitir börnunum öryggi að vita hvað er að gerast í kringum þau. Daglegar venjur eins og matartímar, hvíld, samverustundir og útivera eru fastir liðir í starfsemi skólans auk annarrar starfsemi.

Dagskipulag hvernar deildar er kynnt fyrir foreldrum við upphaf leikskóladvalar barna þeirra.

### Leikur barnanna.

Börnin sjálf ákveða í hvaða leikjum þau leika sér, og þau hafa ánægju af þeim. Í gegnum leikinn er hægt að vinna markvisst að eflingu alhliða þroska barnanna. Þau eru hvött til að nota ímyndunaraflið sitt, hugsun, sköpunargleði og skynjun til að uppgötva heiminn á sinn margvíslega hátt. Leikjum barna má flokka niður í fjóra aðalflokka eftir inntaki þeirra og uppeldis/menntunargildi. Margir leikir eru fjölbættir og þeir geta flokkast undir fleiri en einn flokk.

1. Skynfæra- og hreyfileikir. Innan þessa flokks eru hreyfing, tónlist, vatnsleikir og ferðir.
2. Sköpunar- og byggingaleikir. Innan þessa flokks eru listsköpun og byggingaleikir.
3. Hlutverka- og ímyndunarleikir.
4. Regluleikir.

### Útivera:

Útiver er mikilvægur þáttur í uppeldistarfi skólans, þar sem grófhreyfingum og leik barnanna er gert hátt undir höfði. Útivera er holl öllum börnum.

Sumir foreldrar óska eftir inniveru fyrir börnin sín í því skyni að verja þau gegn veikindum, en það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyra. Börn sem dvelja langdvölum innandyra eru oft kulsælli og viðkvæmari en þau börn sem vön eru útiveru.

### Samverustundir:

Í samverustund gefst börnum og kennurum tækifæri til að eiga saman notalega stund í ró og næði. Þá er hægt að lesa, syngja og spjalla saman um það sem vekur áhuga hverju sinni og um daglegt líf barnanna. Í þessum stundum eru börnin á svipuðum aldri.

### Hópastarf:

Í hópastarfi er börnunum skipt í hópa eftir aldri og þroska, í hverjum hóp eru 5-10 börn og einn hópstjóri. Hópastarf er almennt tvisvar í viku yfir vetrartímann.

Í hópastarfi er unnið markvisst með áhersluþætti skólans, náttúru og umhverfi eða menningu og samfélag. Hvað tekið er fyrir hverju sinni ræðst af hugmyndum og getu barnanna, hópstjórar leggja auk þess fram verkefni og efnivið.

Hópastarfstímar hafa alltaf ákveðið upphaf, börnin í hópnum heilsast og ræða saman um hvað verður tekið fyrir í þessum tíma, verkefni eru unnin og í lokin safnast börnin saman í hring þar sem þau þakka fyrir hópastarfið og kveðja.

#### Fimm ára starf:

Fimm ára starf er unnið samhliða hópastarfi þegar börnin eru á síðasta vetri sínum í skólanum. Börnin fá að vinna með ýmis efni sem eingöngu eru notuð með elstu börnunum. Þau gera tilraunir, fara mikið í ferðir og í heimsóknir á vinnustaði foreldra sinna. Jafnframt er unnið er með almenna þekkingu og færni barnanna á ýmsum sviðum.

#### Yngstu börnin:

Sérstaklega þarf að huga að þörfum yngstu barnanna en þarfir þeirra eru að mörgu leiti aðrar en eldri barnanna. Þau hafa meiri þörf fyrir líkamlega umhyggju, stöðugleika, öryggi og meiri einstaklingsumönnun.

Í starfi með yngstu börnunum er lögð áhersla á leikinn, þar sem skapaðar eru aðstæður sem vekja áhuga þeirra. Hver dagur hefur sinn fasta ramma sem börnin eru fljót að venjast og finna sig örugg í.

#### **Hátíðir og hefðir:**

Gerður er dagamunur á ýmsum merkisdögum og er þá breytt út af hefðbundnu skólastarfi. Hér á eftir er fjallað stutt um nokkar af þeim hátíðumog hefðum sem hafa þróast í starfi skólans.

#### Afmæli barnanna:

Hver deild heldur upp á afmæli sinna barna. Börnin gera sjálf afmæliskórónu, þau velja lög í söngstund, og þau fá afmæliskort og blöðrur í hólfin sín. Íslenski fáninn er gjarnan settur á matarborð í hádegi, afmælisbörnin eru þjónar og þau eru fyrst í gönguröð. Á þennan hátt er reynt að gera mikið úr þessum merka degi. Foreldrar koma ekki með veitingar að heiman á afmælidegi barna sinna.

Foreldrar eru jafnframt beðnir um að setja ekki afmælisboðskort í hólfi barnanna en hægt er að nálgast nafnalista hjá deildarstjórum.

Jólaverkstæði:

Í byrjun desember er foreldrum boðið að koma og fönndra með börnum sínum fyrir jólin. Jafnframt er boðið upp á kaffi og smákökur sem börnin hafa bakað

Jólaball:

Börn og kennarar dansa í kringum jólatré í sal og syngja saman, koma þrjár deildir saman í einu.

Jólastund:

Börn og kennarar halda sameiginlega jólastund í sal þar sem jólalög eru sungin og kennarar eru með skemmtun fyrir börnin. Einig er á boðstólum jólamatur. Börnin geta mætt í betri fötunum.

Þrettándinn:

Þegar jólin eru kvödd hittast öll börn og kennarar skólans út í garði, syngja nokkur lög tengd álfum og álfabrennum og horfa á litla flugeldasýningu.

Þorablót:

Þegar þorri gengur í garð er haldið þorablót. Sameiginleg máltíð er í sal þar sem hefðbundinn þorramatur er á boðstólum.

Öskudagur:

Börn og kennarar mæta í búningum. Kötturinn er sleginn úr tunnunni og tunnukóngur eða tunnudrottning er krýnd. Börnin fá smá popp í lokin. Eftir að búið er að slá köttinn úr tunnunni er slegið upp öskudagsballi í sal. Koma þrjár deildir saman í einu.

Sveitaferð:

Í lok húsdýradaga er farið í sveitaferð á sveitabæ með tvo eldri árganga skólans. Börnin komast í kynni við hin ýmsu húsdýr í sínu náttúrulega umhverfi.

Vorhátíð/grænfánahátíð:

Foreldrar eru boðnir á vorhátíð þar sem pylsur eur grillaðar og farið er í leiki. Skóli og foreldrafélag standa sameiginlega að þessum degi.

**Upplýsingar til foreldra:**

Á töflum og á hurðum í forstofum auk heimasíðu er ýmsum upplýsingum komið á framfæri til foreldra og eru þeir beðnir um að fylgjast vel með því sem fram kemur. Jafnframt er hægt að fylgjast með starfsemi skólans á slóðinni <http://www.naustatjorn.is/wp-content/uploads/2015/10/Skoladagatal-2016-2017-NT.pdf>

Fréttabréf:

Skólinn gefur út fréttabréf mánaðarlega þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi í starfi skólans hverju sinni. T.d. er þar dagskrá hvers mánaðar og skilaboð til foreldra. Fréttabréfið og dagskrá hvernar deildar eru sett á heimasíðu skólans auk þess sem fréttabréfið er sent heim í netpósti. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með þessum fréttapakka um hver mánaðarmót.

Tengihlutir:

Börnin geta komið með einn lítinn tengihlut með sér í skólann ef þörf er á. Þetta er ekki hugsað sem leikfang fyrir daginn heldur til að auðvelda börnunum að kveðja foreldra sína eða til að hjálpa börnunum að sofa. Á eldri deildum skólans geyma börnin tengihlutina í hólfum sínum nema á aðlögunartíma en á yngri deildum eru tengihlutir geymdir inn á deild.

Fyrir svefninn - koddaver og teppi:

Foreldrar þeirra barna sem sofa í skólanum eru beðnir um að koma með koddaver og teppi fyrir svefn barna sinna. Það er vegna hreinlætis, þá sefur hvert barn örugglega með sitt koddaver. Einnig er mun persónulegra að hvert barn sofi með sitt koddaver og teppi, börnin finna líka lykt að heiman sem getur hjálpað þeim að komast í ró og auðveldar þeim að sofna. Umhverfisstefna skólans tengist þessu líka því foreldrar sjá

um þvott á koddaverunum og teppunum og sjá deildir um að láta foreldra vita þegar kemur að þvottatíma. Ef mikil veikindi eru eða ef upp koma lúsatilfelli eru foreldrar beðnir um að þvo oft.

#### Klæðnaður/bleiur:

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og greinilega merktur börnunum. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í skólann, bæði inniföt og útiföt og bera foreldrar ábyrgð á því að viðeigandi fatnaður sé til staðar. Í skólanum er hægt að fá eyðublað fyrir pöntun á mjög handhægum merkimiðum til að merkja fatnað barnanna.

Gott er að hafa í huga að skólinn er vinnustaður barnanna og því er betra að hafa þau í fötum sem mega verða fyrir hnjaski.

Foreldrar þeirra barna sem nota bleiur koma með þær í skólann.

#### Taupokar (eða plastpokar) undir blaut föt:

Þar sem skólinn flaggar Grænfánanum eru ýmsar leiðir farnar til að spara orku og minnka notkun á plastpokum. Ein þeirra leiða sem farnar eru, er að nota þurrkskápa sem allra minnst eða eingöngu ef börnin fara út tvisvar að degi til. Þurrkskápar eru ekki settir í gang eftir eina útiveru. Þetta kallar á það að foreldrar fá heim blaut föt. Best er að geta sett fötin í taupoka sem seldir eru á kostnaðarverði hér í skólanum. Einnig geta foreldrar sett plastpoka að heiman í töskur barna sinna svo kennarar geti sett blaut fötin í poka.

#### Forstofa:

Foreldrar eru beðnir um að ganga vel frá fötum og skóm barna sinna við upphaf og í lok hvers dags. Mikilvægt er að taka til þann fatnað sem börnin þurfa fyrir daginn og setja í hólfin. Nauðsynlegt er að tæma bæði hólfi og skógrindur á föstudögum svo hægt sé að þrifa vel forstofur skólans.

#### Fjarvistir:

Mikilvægt er að foreldrar láti vita um veikindi barnanna og aðra fjarveru, t.d. tilfallandi frí eða seinkun á venjubundnum komutíma í skólann. Ef börnin vilja ekki



koma í skólann er nauðsynlegt að láta kennara vita svo hægt sé að finna orsökina og vinna að lausn vandans. Óski foreldrar eftir að börnin taki frí í skólanum utan sumarleyfis er það heimilt, enda greiðist fullt vistgjald barnanna. Hægt er að hringja í skólann, senda póst eða sms í farsíma deilda sem er mjög þægileg og hentug leið.

### Verklagsreglur þegar börn eru sótt í skólann:

Í dvalarsamningi stendur. „Foreldrar eru beðnir að láta vita ef einhver ókunnugur sækir eða kemur með barnið í leikskólann en af öryggisástæðum þarf viðkomandi að vera a.m.k. 12 ára.“

1. Börn eru eingöngu afhent foreldrum þegar þau eru sótt.
2. Foreldrum ber að láta kennara viðkomandi deildar vita þegar þeir sækja börnin.
3. Ef aðrir en foreldrar sækja börnin verða skilaboð þess eðlis að hafa komið frá foreldrum, annað hvort í upphafi dags, í símtali eða með sms skilaboðum. Ef foreldrar hringja á að senda símann inn á viðkomandi deild til að koma í veg fyrir að skilaboð tynist eða misfarist. Þessi skilaboð verða að vera skráð í mætingarlista deildar og þurfa starfsmenn að kvitta fyrir hverja skráningu.
4. Ef skilaboð eru ekki skráð í mætingarlista um að annar en foreldri sækir börnin eru þau aldrei afhent án símtals til foreldis/foreldra sem þurfa að staðfesta að viðkomandi aðili hafi heimild til að sækja þau. Ef ekki næst í foreldra er hringt í næsta aðstandanda sem gefinn hefur verið upp á dvalarsamningi. Þetta er á ábyrgð allra deildarstarfsmanna.
5. Ef annar en foreldri sækir börnin reglulega geta foreldrar skrifað undir skjal þar sem staðfest er að viðkomandi aðili hafi leyfi til að sækja börnin án þess að látið sé vita daglega.
6. Börn sem eiga vistunartíma til 16:00 eiga í síðasta lagi að vera farin úr umsjá kennara kl 16:00. Ef ekki er búið að sækja þau er það í höndum þeirra sem eru á 16:00 vakt að sjá til þess að hringt sé í viðkomandi foreldra þar sem minnt er á að vistunartíma sé lokið.
7. Börn sem eiga vistunartíma til 16:15 eiga í síðasta lagi að vera farin úr umsjá kennara kl 16:15. Ef það er ekki búið að sækja þau er það í höndum þeirra sem

- eru á þessari vakt að sjá til þess að hringt sé í viðkomandi foreldra þar sem minnt er á að vistunartíma sé lokið.
8. Ef starfsmenn grunar að foreldrar sem sækja börnin séu í vímuástandi og þeir treysta sér ekki til að stöðva foreldrana ber þeim að hringja beint til Lögreglu og láta vita um ferðir viðkomandi. Lögregla er bundin trúnaði gagnvart þeim sem lætur vita í þessum tilvikum. Einnig skal starfsmaður láta skólastjóra vita.
  9. Mætingalisti skal ávallt vera rétt útfylltur og fylgja börnum á milli deilda ef skilaaðili þarf að fá þá afhenta.

### Óhöpp/slys og tryggingar:

Í barnahópnum geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef börnin þurfa aðhlyningu læknis að mati kennara er strax haft samband við foreldra og fara þeir með barnið á slysadeild eða til tannlæknis.

Fyrsta heimsókn á Slysadeild er gjaldfrjál en greiða þarf fyrir fyrstu heimsókn til tannlæknis. Akureyrarbær greiðir þá þann kostnað sem tryggingar bæta ekki. Ef um endurkomu er að ræða taka foreldrar/forráðamenn við að greiða reikninga.

Öll börn í skólum Akureyrarbæjar eru tryggð á meðan þau dvelja þar. Ef skemmdir verða á munum barna (fatnaður/gleraugu) bera foreldrar kostnaðinn sjálfir nema í ljós komi að ástæða skemmda sé vítavert kæruleysi kennara. Þá ber skólinn sjálfur allan kostnað.

### Veikindi barna:

Leikskólar eru ætlaðir frískum börnum, ef börnin veikjast skulu þau dvelja heima þar til þau hafa verið hitalaus í a.m.k. 1-2 sólahringa og endurheimt þrótt sinn.

Þegar börnin koma aftur í skólann eftir veikindi geta þau í undantekningartilvikum fengið að vera inni í 1dag. Hafa foreldrar þá samráð við deildarstjóra barna sinna.

Innivera þegar börnin eru að veikjast eða eru slöpp ekki leyfð. Ástæðan er sú að börnin smita önnur börn mest þegar þau sjálf eru að veikjast. Nánari upplýsingar varðandi veikindi leikskólabarna og lyfjagjafir frá fyrrverandi yfirlækni, Þóri V. Þórissoni er að finna hér fyrir neðan.

**Eftirfarandi ráðleggingar hafa verið samþykktar af heimilislæknum Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.**

Hiti: Barn með hækkaðan líkamshita, þ.e. yfir 38° hita við endaþarmsmælingu, verki og slen ætti ekki undir neinum kringumstæðum að vistast hjá dagforeldri eða leikskóla. Ástæðan er fyrst og fremst viðleitni til að draga úr vanlíðan barnsins sem fær meiri umönnun heima og sleppur við það áreiti sem fylgir því að vistast innan um heilbrigð börn. Athuga verður þó að mikil áreynsla getur orðið til þess að ungt barn fái hita yfir 38° („áreynsluhiti”) með sleni. Þau ættu að hressast af stuttri hvíld og gjöf drykkjar.

Smit: Barn smitar mest þegar það er að veikjast og næstu 3-7 sólarhringana þar á eftir. Skal það dvelja heima þar til það er orðið hitalaust og hefur endurheimt þrótt sinn. Þegar barnið kemur aftur í leikskólann getur það í undantekningartilfellum fengið að vera inni í 1 sólarhring. Erfitt er þó að koma því við hjá dagforeldri og í þeim tilvikum er mælt með að barnið sé þá heima einn dag til.

Athugið að heilsa barnsins er hér í fyrirrúmi. Smithætta gagnvart öðrum börnum er atriði sem ekki ætti að vera að velta sér mikið upp úr þar sem nánast ómögulegt er að komast fyrir smit og sum barnanna sem virðast frísk eru að bera sýkilinn á milli barna, og jafnvel einkennalausir fullorðnir. Því er sú hugsun að einangra barn frá öðrum í flestum tilfellum tilgangslaus og óþörf. Að þessu sögðu ætti þó barn með augljóst smit ekki að sækja leikskóla eða vera vistað hjá dagforeldri. Gera verður þó undartekning með saklausar kvefpestir án hita og slappleika, nefrennsli og jafnvel augnrennsli samfara saklausu kvefi.

Sýkingar: Þegar barn er meðhöndlað með sýklalyfi vegna bakteríusýkinga sem berast manna á milli (streptókokkahálsbólgu, skarlatssótt, öndunarfarasýkingar, húðsýkinga) ætti barn að vera heima þar til sýklalyfjameðferð hefur staðið í a.m.k. einn sólarhring, og það er hitalaust og hefur endurheimt þrótt sinn. Varðandi eyrnabólgur og vægari þvagfærasýkingar þá slær fljótt á einkenni eftir að sýklagjöf er hafin og veikindi eru oft væg og þá er í lagi að þau börn sem eru á meðferð vegna þess sækji leikskóla eða til dagforeldris fyrr.

Flestar veirusýkingar (kvef, iðrakveisur, influenxa, útbrotasýkingar aðrar en skarlatssótt) eru smitandi upp undir viku (3-7 daga), nema einkenni séu um garð gengin fyrr. Þess má geta að eins og fram hefur komið þá eru stýrur í augum og augnrennsli í fæstum tilfellum alvarlegra en hor og lagast venjulega án meðferðar, nema roði í hvítu eða þrútin augnlok

sé að ræða. Ath. að augnsýkingar eru í langflestum tilfellum orsakaðar af kvefveirum. Valda roða, sviða/kláða og slímmyndun í báðum augum. Augnlok eru ekki bólgin. Oft meðfylgjandi kvef. Meðferð er reglulegur þvottur með volgu kranavatni. Ef einkenni dragast á langinn (>4-5 daga), versna eða ef þetta er bólgið auga þá ættu þau að fara til læknis í mat.

Í vafatilfellum ættu foreldrar að ráðfæra sig við sinn heimilislækni.

**Sníkjudýrasmit:** Greinist njálgur eða kláðamaur hjá barni ætti öll fjölskyldan að fá meðferð. Daginn eftir meðferð er smithættan liðin hjá og barnið má fara aftur á leikskólann eða til dagforeldris. Ekki er ástæða til að tilkynna þetta öðrum foreldrum nema tilfellin séu fleiri.

**Lyfjagjafir:** Ættu í flestum tilfellum að vera óþarfar á leikskóla eða hjá dagforeldri. Mjög sjaldgæft er að gefa þurfi lyf oftár en 3svar á dag. Þegar lyf er gefið 3svar á dag má gefa miðskammtinn þegar heim er komið, jafnvel þó það hafi liðið eitthvað yfir 8 tíma frá morgunskammtinum. Undantekningar á þessu geta þó verið sykursýkis-, asthma- eða ofnæmislyf. Í slíkum tilfellum er þó ráðlagt að fá skrifleg ummæli frá meðhöndlandi lækni og ítarlegar leiðbeiningar frá foreldrum barnsins og/eða lækni þess.

F.h. heilsugæslulækna á Akureyri, 20. október 2010

Þórir V. Þórisson yfirlæknir

### **Dvalartímar - dvalarsamningur:**

Boðið eru upp á fjögurra til átta og hálf tíma dvalartíma. Seldir eru heilir tímar og að auki svokallað 15 mínútna gjald, 15 mínútur fyrir heilan tíma og 15 mínútur eftir heilan tíma. Grunntími vistunar hefst alltaf á heilum tíma. Þegar keyptir eru tímar umfram 8 stundir hækkar vistunargjald.

Þegar foreldrar staðfesta dvöl barna sinna staðfesta þeir þann tímafjölda sem þeir ætla sér að kaupa í skólanum. Tímafjöldinn er skráður á dvalarsamning sem foreldrar gera við skólann, einnig eru í samningnum ýmsar upplýsingar sem gott að vita um. Foreldrar skuldbinda sig til að halda sama dvalartíma að minnsta kosti eina önn (4 mánuðir). Þó skal tekið mið af aðstæðum foreldra og stöðu skólans

### **Leikskólagjöld:**

Leikskólagjöld ber að greiða fyrirfram 15. hvers mánaðar og eru þau innheimt með heimsendum gíróseðlum.

Tveggja mánaða skuldir eru sendar til innheimtu hjá lögfræðingi. Ef gjöldin eru ekki greidd innan ákveðins tíma er ítrekunarbréf sent, beri það ekki árangur fylgir uppsögn á leikskólaplássi barnsins eftir 25 daga.

### **Niðurfelling fæðisgjalda:**

Ef barn er fjarverandi úr skólanum í 4 vikur samfelld geta foreldrar óskað eftir að fá niðurfellingu á fæðisgjaldi þann tíma sem barnið er fjarverandi. Tilkynna þarf fjarveruna til skólans og verður þá fæðisgjaldið leiðrétt á næsta greiðsluseðli en óska þarf eftir niðurfellingu skriflega á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að fá í skólanum.

### **Breytingar á dvalartíma og aðstæðum barna:**

Óski foreldrar eftir breytingum á dvalartíma barns síns í skólanum skal óskum þar að lútandi komið til skólastjóra á þar til gerðum eyðublöðum. Ekki er alltaf hægt að koma strax til móts við allar óskir foreldra um breytingar.

Nauðsynlegt er að tilkynna breytingar á högum og aðstæðum s.s. veikindi, fjarveru eða hjúskaparstöðu foreldra, ný heimilisföng, símanúmer eða netföng.

### **Uppsagnarfrestur:**

Uppsagnarfrestur á leikskólarými er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Skal uppsögninni komið til skólastjóra á þar til gerðu eyðublaði sem fæst í skólanum. Heimilt er að krefjast eins mánaðar greiðslu hafi reglum um uppsagnarfrest ekki verið fylgt.

### **Skipulagsdagar og námskeiðsdagur skólans:**

Samkvæmt kjarasamningum og samþykktum Skólanefndar Akureyra hafa leikskólar rétt á að loka í 48 stundir hvert almanaksár utan sumarlokunar og eru þessar lokanir samþykktar bæði af Foreldraráði skólans og Skólanefnd.

Þessar stundir eru notaðar til funda, fræðslu, í námskeið, í undirbúning uppeldisstarfs skólans og í endurmat á því starfi sem unnið hefur verið. Foreldrum er tilkynnt um þessa daga með mánaðarfyrirvara. Hægt að fylgjast með í starfsáætlun skólans hvenær þessar lokanir eru á slóðinni

<http://www.naustatjorn.is/index.php/skoladagatal/>

### **Foreldrasamstarf:**

Mikilvægt er að góð samvinna takist strax í byrjun milli foreldra barns og kennara þar sem gagnkvæm samvinna og trúnaður þeirra á milli er forsenda þess að börnunum líði vel. Daglegar upplýsingar um börnin eru mikilvægar til þess að þeim líði vel og þau finni sig örugg en oft geta lítil atvik í lífi barnanna valdið breytingum á hegðun þeirra. Foreldrar þurfa að fylgja börnum sínum inn á deild til kennara og láta vita þegar þau eru sótt. Þetta er öryggisatriði fyrir börn, foreldra og kennara.

Ítrekað er að foreldrar geta alltaf hringt í skólann til þess að spyrja um börnin sín og eru þeir velkomnir í skólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram í samráði við kennara.

### **Foreldrasamtöl:**

Öllum foreldrum er boðið samtal tvisvar á ári, að vori og að hausti. Í þessum samölum er m.a. rætt um líðan barnanna í skólanum, um hæfni þeirra og þroska.

Foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali, einnig óska kennarar eftir að hitta foreldra í aukasamtali ef þörf er á.

Gögn um börnin:

Í foreldrasamtölum ræða kennarar um yfir stöðu barnsins. Þegar börnin hætta í skólanum fara öll göng um þau á Héraðskjalasafn skv. nýjum lögum um leikskóla. Því eru engin gögn eftir í skólanum eftir að börnin eru komin í grunnskóla.

Kynning á starfi deilda:

Að hausti eru foreldrar boðnir í skólann þar sem þeir fá kynningu á því starfi sem fram fer yfir vetrartímann. Þessir kynningarfundir eru haldnir síðdegis og eru auglýstir af hverri deild fyrir sig.

Foreldrakaffi:

Kennarar og börn skólans bjóða foreldrum í kaffi í apríl. Í apríl/maí sýna börnin einnig verk sem þau hafa unnið yfir vetrinn og eru með uppákomu fyrir foreldra. Einnig er boðið upp á afa- og ömmukaffi í febrúar en að sjálfsögðu geta foreldrar líka mætt. Hægt er að sjá þessar dagsetningar á skóladagatali skólans. Mismunandi er eftir deildum hvort boðið er í kaffi að morgni eða síðdegis. Í desember er svo jólaverkstæði og kaffihús í sal.

Opin vika:

Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram í samráði við kennara. Í opinni viku er dagskipulag auglýst sérstaklega þannig að foreldrar geta komið og kynnt sér ákveðna þætti í starfi skólans og jafnvel tekið þátt í því. Opin vika er alltaf í byrjun febrúar í tengslum við dag leikskólans sem er 6. febrúar.

**Foreldrafélag.**

Foreldrafélag er starfrækt við skólann. Markmið foreldrafélagsins er að efla tengsl foreldra og kennara, auka þátttöku foreldra í starfi skólans og tryggja velferð barnanna sem best.

Allir foreldrar verða sjálfkrafa félagar um leið og börnin byrja í skólanum.

Hægt er að sjá hverjir sitja í stjórn Foreldrafélagsins og starfsreglur félagsins á slóðinni <http://www.naustatjorn.is/index.php/foreldrafelag-skolans/>

#### Aðalfundur foreldrafélagsins:

Fundurinn er haldinn á haustin, þar eru rædd mál félagsins og stjórn þess endurnýjuð ef þörf er á, en í stjórn sitja 7-10 manns (einn til tveir frá hverri deild).

#### Foreldrasjóður:

Foreldrar greiða í sjóð, svokallaðan foreldrasjóð og er innheimt einu sinni á ári. Peningarnir úr þessum sjóði fara beint til barnanna. Þeir eru t.d. notaðir til að standa straum af rútuferðum, vorhátíð og leiksýningum svo eitthvað sé nefnt.

#### **Foreldraráð.**

Samkvæmt lögum frá 2008 ber öllum skólum að hafa foreldraráð starfandi foreldraráð. „Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjár foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.“

#### **Viðbrögð við miklum veikindum í starfsmannahópnum.**

Á ákveðnum tímum geta fjarvistir starfsmanna orðið verulegar og geta ástæður fjarverunnar verið nokkrar, til dæmis vegna :

- Smits vegna influensu



- Annarra veikinda
- Annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða vegna lokunnar leikskóla/skóla.

Ef upp koma þær aðstæður á Naustatjörn að fjarvera starfsmanna er það mikil að stjórnendur treysta sér ekki til að tryggja öryggi barnanna í skólanum miðað við starfsmannaafli þarf að grípa til eftirfarandi aðgerða:

- Senda verður ákveðinn fjöldi barna heim úr skólanum
  - Haft verður samband við foreldra ákveðinna barnahópa og þessir foreldrar verða beðnir um að sækja börn sín strax í skólann
  - Öll börn skólans eru í ákveðnum hópum, s.k. hópastarfshópum og eru því ákveðnir hópastarfshópar sendir heim hvern dag sem ofangreint ástand varir
  - Séð verður til þess að hver hópastarfshópur fari 1 sinni heim áður en aftur er haft samband við sama foreldra.

Hringt verður í þá foreldra sem þurfa að sækja börn sín. Einnig verður sendur tölvupóstur í gegnum Mentor. Skólastjóri og/eða staðgenglar sjá um að hafa samband.

Ágætu foreldrar, nú hefur skólinn og starfsemi hans verið kynnt í stórum dráttum og eflaust hafa margar spurningar vaknað við lesturinn, hvetjum við ykkur til að vera dugleg að koma og spyrja ef þið viljið fá nánari útskýringar.

Með von um góða samvinnu.

Fyrir hönd kennara Naustatjarnar, Jónína Hauksdóttir skólastjóri.